

Nd. **214. Breytingartillaga** [80. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 16. maí 1974, um Lífeyrissjóð sjómanna.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Á undan 1. gr. (sem verður 2. gr.) komi ný grein sem orðist svo:

Við 14. gr. laganna bætist nýtt ákvæði sem verði 5. málsg. og orðist svo:

Nú lætur sjóðsfélagi ekki eftir sig maka, en einstæð móðir hans, ógift systir eða sambýliskona hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl, þó ekki skemur en 5 ár fyrir andlát hans, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju væri að ræða. Á sama hátt er sjóðsstjórn heimilt að greiða sambýlismanni lífeyri í samræmi við ákvæði 3. og 4. málsg.